

Fundur hjá skólaráði 11.9.2014 kl.17:00.

Mætt: Irina Boiko, Bóas Jakobsson, Kristján Þorsteinsson, Lilja Sigurðardóttir, Jóna Björg Sveinsdóttir, Svandís Egilsdóttir og Freyja Jónsdóttir. Susanne Neumann, skólahjúkrunarfræðingur boðaði forföll.

1. Mannabreytingar hafa orðið í ráðinu en í vetur mun það skipa: Irina foreldri leikskólabarna, varamaður Renata Miszewska, Lilja Sigurðardóttir kennari, ( kemur inn í stað Þráins sem er ekki lengur starfandi kennari ), Jóna Björg Sveinsdóttir kennari ( var varamaður en kemur inn í stað Hólmfríðar), Bryndís Skúladóttir varamaður kennara, Þorsteinn Kristjánsson fulltrúi nærsamfélags, varamaður Bryndís Snjólfisdóttir, Bóas Jakobsson nemandi, varamaður Jörgen Fífill Guðmundsson. Þess var farið á leit við skólahjúkrunarfræðing Susanne Neumann að sitja fundina hjá ráðinu vegna gátlista heilsueflandi skóla og tók hún mjög vel í það.
2. Efni fundarins er að fara yfir gátlista vegna heilsueflandi skóla. Heilsueflandi skóli byggir á átta áhersluþáttum en þeir eru: Nemandur, Nærsamfélag, Matarræði/tannheilsa, Hreyfing/öryggi, Lífsleikni, Geðrækt, Heimili og Starfsfólk. Farið verður yfir gátlista vegna allra áhersluþáttanna í vetur, tvo á hverjum fundi. Áætlað er að taka fyrir gátlista vegna áhersluþáttanna: „nemandur“ og „nærsamfélag“ á þessum fundi. Ekki náðist að fara yfir nema annað efnið, hitt verður að bíða til næsta fundar.
3. Næsti fundartími ákveðinn 15. okt. Kl. 17:00. Þá verður tekinn fyrir gátlisti vegna nærsamfélagið og matarræði/tannheilsa.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:07.

Jóna Björg ritaði.